




DÓMSTÓLARÁÐ

ÁRSSKÝRSLA DÓMSTÓLARÁÐS OG HÉRAÐSDÓMSTÓLANNA

Árið 2014

Dómstólaráð
Reykjavík, ágúst 2015



FORMÁLI

Dómstólaráð hefur tekið saman meðfylgjandi ársskýrslu um starfsemi ráðsins og héraðsdómstólanna fyrir árið 2014 í samræmi við 2. mgr. 14. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Í skýrslunni er að finna helstu upplýsingar um starfsemi dómstólaráðs og héraðsdómstólanna á árinu 2014 ásamt upplýsingum um fjölda dómsmála eftir tegundum þeirra og málsmeðferðartíma. Þá gera dómstjórar hvers héraðsdómstóls um sig grein fyrir starfseminni á árinu, þróun málafjölda og málsmeðferðartíma. Fjölgun hefur orðið í munnlega fluttum einkamálum samanborið við árið 2013. Á sama tíma hefur ákærumálum fækkað hjá héraðsdómstólunum á árinu 2014. Kostnaður vegna sérfróðra meðdómenda eykst verulega á milli ára sem er ákveðin vísbending um að mál, sem berast dómstólunum og eru það flókin úrlausnar að sérkunnáttu er þörf til þess að leysa þau, eru sífellt fleiri. Þrátt fyrir að mörg málanna sem dómstólunum berast séu flókin hefur héraðsdómstólunum tekist að vinna vel úr þeim málum, sem sést best á því að málsmeðferðartími hefur ekki lengst nema lítillega á milli ára. Fjöldi héraðsdómara hélst óbreyttur á árinu 2014 og voru þeir samtals 43 í kjölfar setningar laga nr. 115/2013 um breytingu á ákvæðum laga um dómstóla nr. 15/1998.

Dómstólaráð hefur ítrekað vakið athygli á erfiðri rekstrarstöðu dómstólaráðs og héraðsdómstólanna. Starfsemin hefur liðið fyrir skertar fjárveitingar á liðnum árum þannig að ekki hefur verið mögulegt að sinna nauðsynlegum þróunarverkefnum og styrkingu á innra starfi dómstólanna og einkenndist rekstrarárið óhjákvæmilega af því. Í lok ársins voru fjárframlög til dómstólaráðs og héraðsdómstólanna leiðrétt í fjáráukalögum í ljósi þess að of langt hafði verið gengið í aðhaldskröfum í garð dómstólanna. Þrátt fyrir framangreinda leiðréttingu er rekstur héraðsdómstólanna og dómstólaráðs enn í járnum. Dómstólaráð hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að rekstrargrundvöllur héraðsdómstólanna sé tryggður og um leið sjálfstæði dómstólanna sem þriðju valdstoðar ríkisins.

Reykjavík 24. ágúst 2015

Ólöf Finnsdóttir
framkvæmdastjóri

Símon Sigvaldason
formaður

EFNISYFRLIT

Formáli.....	2
Dómstólaráð - almennar upplýsingar.....	6
Starfsemi og hlutverk dómstólaráðs	6
Ráðsmenn á árinu 2014.....	6
Starfsmenn ráðsins.....	7
Fjármál.....	7
Helstu verkefni dómstólaráðs á árinu 2014.....	9
Símenntunar- og starfsþróunaráætlun	10
Fagráð um endurmenntun dómara	10
Human Rights Education For Legal Professionals (HELP)	10
Vísdomur.....	11
Samþykktar siðareglur fyrir starfsmenn dómstóla	12
Starfsdagur dómstólanna	12
Erlent samstarf.....	12
Vefsíða dómstólaráðs og málaskrá	13
Sérfróðir meðdómsmenn.....	13
Héraðsdómstólar	14
Kynning embætta, staðsetning, stærð og tölulegar upplýsingar.....	14
Fjöldi stöðugilda héraðsdómstólanna	14
Héraðsdómur Reykjavíkur	15
Héraðsdómur Vesturlands.....	18
Héraðsdómur Vestfjarða.....	21
Héraðsdómur Norðurlands vestra.....	24
Héraðsdómur Norðurlands eystra.....	27
Héraðsdómur Austurlands	30
Héraðsdómur Suðurlands.....	33
Héraðsdómur Reykjaness	36
Héraðsdómstólar í tölum.....	39
Fjöldi sakfellinga eftir skilgreindum brotaflokkum	41
Skýrslutaka af brotaþola yngri en 18 ára	42

Fjöldi mála eftir málaflokkum.....	45
Munnlega flutt einkamál.....	45
Skriflega flutt einkamál	49
Sakamál og sundurliðun ákærumála.....	51
Ágreiningsmál vegna gjaldþrotaskipta.....	55
Gjaldþrotaúrskurðir.....	56
Gjaldþrotaskiptabeiðnir.....	57
Rannsóknarúrskurðir	58

Myndayfirlit

Mynd 1. Hlutfallsleg skipting útgjalda héraðsdómstólanna 2014	8
Mynd 2. Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda milli héraðsdómstólanna og dómstólaráðs 2014	9
Mynd 3. Þróun ákærumála hjá HDR árin 2000-2014.....	16
Mynd 4. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDR árin 2000-2014.....	17
Mynd 5. Þróun ákærumála hjá HDVL árin 2000-2014	19
Mynd 6. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDVL árin 2000-2014.....	20
Mynd 7. Þróun ákærumála hjá HDVF árin 2000-2014	22
Mynd 8. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDVF árin 2000-2014.....	23
Mynd 9. Þróun ákærumála hjá HDNV árin 2000-2014.....	25
Mynd 10. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDNV árin 2000-2014.....	26
Mynd 11. Þróun ákærumála hjá HDNE árin 2000-2014.....	28
Mynd 12. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDNE árin 2000-2014.....	29
Mynd 13. Þróun ákærumála hjá HDA árin 2000-2014.....	31
Mynd 14. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDA árin 2000-2014.....	32
Mynd 15. Þróun ákærumála hjá HDS árin 2000-2014.....	34
Mynd 16. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDS árin 2000-2014	35
Mynd 17. Þróun ákærumála hjá HDRN árin 2000-2014.....	37
Mynd 18. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDRN árin 2000-2014.....	38
Mynd 19. Fjöldi íbúa í umdæmi hvers héraðsdómstóls 2014	39
Mynd 20. Fjöldi sakfellinga eftir skilgreindum brotaflokkum fyrir árið 2014	41
Mynd 21. Skýrslutökur af börnum yngri en 18 ára	42
Mynd 22. Þróun heildarmálfjölda héraðsdómstólanna.....	43
Mynd 23. Þróun munnlega fluttra einkamála	45
Mynd 24. Lyktir og málsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála.....	46
Mynd 25. Málsmeðferðartími og afgreiðsla munnlega fluttra einkamála	47
Mynd 26. Þróun fjölda skriflega fluttra einkamála	49
Mynd 27. Lyktir skriflega fluttra einkamála og málsmeðferðartími þeirra	50
Mynd 28. Þróun fjölda innkominna ákærumála	51
Mynd 29. Málsmeðferðartími og afgreiðsla ákærumála	52
Mynd 30. Lyktir ákærumála frá lögreglu og málsmeðferðartími.....	53
Mynd 31. Lyktir ákærumála frá ríkissaksóknara og málsmeðferðartími	54
Mynd 32. Þróun fjölda ágreiningsmála vegna gjaldþrotaskipta	55
Mynd 33. Þróun fjölda gjaldþrotáúrskurða	56
Mynd 34. Þróun fjölda gjaldþrotaskiptabeiðna	57
Mynd 35. Þróun fjölda rannsóknarúrskurða	58

Töfluyfirlit

Tafla 1. Útgjaldaskipting héraðsdómstólanna 2014	7
Tafla 2. Rekstrargjöld héraðsdómstólanna og dómstólaráðs 2014.....	8
Tafla 3. Þróun dómsmálagjalda héraðsdómstólanna 2012-2014.....	40
Tafla 4. Heildarfjöldi innkominna mála sundurliðað eftir dómstólum og tegundum mála árið 2014.....	44
Tafla 5. Tegund munnlega fluttra einkamála	48
Tafla 6. Fjöldi sakamála og sundurliðun ákærumála.....	51

DÓMSTÓLARÁÐ - ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Starfsemi og hlutverk dómstólaráðs

Helstu verkefni dómstólaráðs, samkvæmt lögum um dómstóla nr. 15/1998, eru að fara með ábyrgð á fjárreiðum héraðsdómstólanna, setja samræmdar reglur fyrir héraðsdómstólana, gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum héraðsdómstóla, ákveða fjölda dómara og annarra starfsmanna við hvern héraðsdómstól, safna upplýsingum um fjölda og afgreiðslu mála við dómstólana auk útgáfu ársskýrslu um starfsemi sína og héraðsdómstólanna. Almennt ber ráðinu að stuðla að því að gætt sé skilvirkni og hraða við rekstur dómsmála. Þá fer ráðið með forsvar héraðsdómstólanna sameiginlega gagnvart stjórnvöldum og öðrum. Dómstólaráði ber að skipuleggja endurmenntun dómara og löglærðra starfsmanna dómstólanna. Verkefni dómstólaráðs eru ekki tæmandi talin í dómstólalögunum en sem dæmi um önnur verkefni sem ráðið sinnir eru tölvu- og upplýsingamál héraðsdómstólanna og símenntun annarra starfsmanna en dómara og löglærðra aðstoðarmanna.

Ráðsmenn á árinu 2014

Í dómstólaráði eiga sæti fimm menn sem ráðherra skipar. Tveir eru kjörnir af héraðsdómurum, tveir eru kjörnir af dómstjórum við héraðsdómstólana úr þeirra hópi en einn ráðsmaður er skipaður af innanríkisráðherra án tilnefningar. Skipunartími í dómstólaráði er fimm ár og rennur skipunartími eins ráðsmanns út hvert ár. Símon Sigvaldason, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, er formaður dómstólaráðs sem fulltrúi dómara, varamaður hans er Hervör Þorvaldsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, þau eru skipuð til 15. maí 2016. Aðrir ráðsmenn á árinu 2014 voru: Arngrímur Ísberg, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, varamaður Þorgerðar Erlendsdóttur, en hann tók sæti Þorgerðar í veikindum hennar og síðar við fráfall hennar. Þorgerður og Arngrímur voru skipuð til 15. maí 2015. Jón Höskuldsson, dómari við Héraðsdóm Reykjaness, var kjörinn sem aðalmaður í stað Þorgerðar Erlendsdóttur og Arngrímur Ísberg, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, var kjörinn sem varamaður hans. Jón og Arngrímur voru skipaðir til 15. maí 2015. Hjörtur O. Aðalsteinsson, dómstjóri við Héraðsdóm Suðurlands, er fulltrúi dómstjóra, en varamaður hans er Halldór Halldórsson, dómstjóri Héraðsdóms Norðurlands vestra, skipaðir til 15. maí 2017. Þorgeir Ingi Njálsson, dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness, er fulltrúi dómstjóra, en varamaður hans er Ingimundur Einarsson, dómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur, skipaðir til 30. júní 2018. Þorgeir Ingi Njálsson var í leyfi frá störfum á tímabilinu 15. febrúar 2014 til 1. júlí 2014 er hann gegndi störfum sem umboðsmaður Alþingis. Ingimundur Einarsson tók sæti Þorgeirs Inga í ráðinu á leyfistíma hans. Þórdís Ingadóttir, dósent við Háskólann í Reykjavík, er tilnefnd af ráðherra en varamaður

hennar er Hrefna Friðriksdóttir, dósent við Háskóla Íslands. Þær voru endurkjörnar á árinu og í kjölfarið skipaðar til 30. júní 2019.

Starfsmenn ráðsins

Hjá dómstólaráði starfa Ólöf Finnsdóttir, framkvæmdastjóri í fullu starfi, Sara Björg Sigurðardóttir, sérfræðingur í 70% starfi, og Ásdís Birna Stefánsdóttir, prófarkalesari í 60% starfi, en hún annast lestur fyrir aðra dómstóla en Héraðsdóm Reykjavíkur.

Fjármál

Dómstólaráð fer með ábyrgð á fjárreiðum héraðsdómstólanna og skiptir á milli þeirra fé sem þeim er veitt í einu lagi með fjárlögum.

Á árinu 2014 nam heildarrekstur héraðsdómstólanna 1.443 m.kr. Í töflu 1 má sjá útgjaldaskiptingu dómstólanna fyrir árið 2014. Þar sést að 86% af útgjöldum héraðsdómstólanna er launakostnaður, samanborið við 85% hlut af heildarútgjöldum árið 2013. Næststærsti útgjaldaliður er húsnæðiskostnaður með 8,3% hlut af heildarútgjöldum, samanborið við 8,5% hlut af heildarútgjöldum árið 2013. Rekstrarvörur standa í stað, eru 1,3% af heildarútgjöldum. Milli ára hefur dregið úr rekstrarkostnaði. Á árinu 2013 var hann 0,6% af heildarútgjöldum en árið 2014 nam rekstrarkostnaður 0,4% af heildarútgjöldum. Það sama á við um húsnæðiskostnað en hann lækkaði úr 8,5% árið 2013 í 8,3% árið 2014. Þá hefur dregið úr aðkeyptri þjónustu en kostnaður við hana fór úr 3,7% árið 2013 í 3,3% af heildarútgjöldum árið 2014.

Tafla 1. Útgjaldaskipting héraðsdómstólanna 2014


	Milljónir kr.
Laun ¹	1.242
Ferðir og fundir	9
Rekstrarvörur	19
Aðkeypt þjónusta ²	47
Húsnæði	120
Rekstrarkostnaður	6
Samtals	1.443³

¹Um er að ræða laun og launatengd gjöld starfsmanna dómstólanna og sérfróðra meðdómsmanna.

²Dæmi um liði sem falla undir aðkeypta þjónustu má nefna rekstur málaskrár, heimasíðu, hugbúnaðarleyfi, nettengingar, tölvuþjónustu og skjala- og öryggismál.

³ Gjöld samkvæmt rekstrareikningi ársins 2014.

Mynd 1. Hlutfallsleg skipting útgjalda héraðdómstólanna 2014




Tafla 2. Rekstrargjöld héraðsdómstólanna og dómstólaráðs 2014

	Milljónir kr.
Dómstólaráð ⁴	62
Sérfróðir meðdómsmenn	91
Héraðsdómur Reykjavíkur	712
Héraðsdómur Vesturlands	47
Héraðsdómur Vestfjarða	41
Héraðsdómur Norðurlands vestra	34
Héraðsdómur Norðurlands eystra	76
Héraðsdómur Austurlands	36
Héraðsdómur Suðurlands	91
Héraðsdómur Reykjaness	253
Samtals	1.443

⁴Dómstólaráð sér um rekstur og umsýslu málaskrár fyrir héraðsdómstólana, grunnþjónustu vegna tölvumála, netföng, netaðgang og rekstur heimasíðu www.domstolar.is.

Mynd 2. Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda milli héraðsdómstólanna og dómstólaráðs 2014



Helstu verkefni dómstólaráðs á árinu 2014

Dómstólaráð hélt 13 fundi á árinu. Skrifstofa dómstólaráðs afgreiddi samkvæmt bréfabók 685 erindi, en þau erindi sem bárust skrifstofunni voru einkum fyrirspurnir er varða starfsemi héraðsdómstólanna frá ráðuneytum, stofnunum, Alþingi, lögmannsstofum, einstaklingum og fjölmiðlum. Flest erindin frá opinberum aðilum vörðudu beiðnir um samantekt á tölfræðilegum upplýsingum um hina ýmsu málaflokka héraðsdómstólanna. Þess utan fékk skrifstofa ráðsins margvísleg símtöl, ábendingar og fyrirspurnir er vörðudu starfsemi og starfsumhverfi héraðsdómstólanna. Framkvæmdastjóri dómstólaráðs vann að verkefni á vegum innanríkisráðuneytisins er fól í sér greiningu á nauðsynlegum gagnasamskiptum í réttarvörslukerfinu. Meginmarkmið verkefnisins er að gera tillögur að endurbótum á fyrirkomulagi gagnasendinga þannig að rafrænt gagnaflæði verði á milli stofnana í sem ríkustum mæli. Þá tók framkvæmdstjóri einnig þátt í samráðsfundi á vegum verkefnastjórnar Vitundarvakningar um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum þar sem ræddar voru hugmyndir um bættu upplýsingagjöf til brotaþola um framgang sakamála innan réttarvörslukerfisins. Í kjölfarið var útbúið fræðslumyndband til birtingar, m.a. á heimasíðu héraðsdómstólanna, þar sem Sigríður Hjaltsted, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, gerði grein fyrir ferli

kynferðisbrotamála innan dómstólanna. Það vakti athygli dómstólaráðs snemma á árinu að umræða borgaryfirvalda og innanríkisráðuneytisins um framtíðarstaðsetningu nýs dómhúss fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur var án nokkurs samráðs við dómstólaráð og Héraðsdóm Reykjavíkur. Dómstólaráð lagði áherslu á það við innanríkisráðuneytið að vandað yrði til vals á staðsetningu nýs dómhúss fyrir stærsta dómstól landsins sem bæri að finna stað í hjarta höfuðborgarinnar þar sem nú þegar er að finna helstu stofnanir ríkisins og Reykjavíkurborgar. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson dómsmálaráðherra heimsótti Héraðsdóm Reykjavíkur og kynnti sér starfsemi dómstólaráðs á haustmánuðum, þar sem honum var m.a. gerð grein fyrir miklum rekstrarvanda dómstólaráðs og héraðsdómstólanna.

Símenntunar- og starfsþróunaráætlun

Til samræmis við ákvæði 3. tl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla og stefnu dómstólaráðs og héraðsdómstólanna vann dómstólaráð að símenntunar- og starfsþróunaráætlun dómara og annarra háskólamenntaðra starfsmanna dómstólanna. Starfsþróunarsjóður BHM veitti styrk til verkefnisins sem unnið var í samvinnu við Árnýju Elíasdóttur, ráðgjafa hjá Attentus. Til grundvallar símenntunar- og starfsþróunaráætluninni var fyrirbyggjandi aðgerðaráætlun um virka símenntun í stefnumótunarskjali dómstólaráðs og héraðsdómstólanna. Þá voru tekin viðtöl við starfsmenn, gerð var viðhorfskönnun meðal dómara um sýn þeirra á endurmenntunarmál og kannað voru möguleg efni í námskeið, sem eru mikilvæg dómurum. Starfsþróunaráætlunin gerir m.a. ráð fyrir að allir nýir starfsmenn fái þjálfunaráætlun út frá kröfum starfsins ásamt því að unnin sé sérstök starfsþróunaráætlun með aðstoðarmönnum dómara.

Fagråd um endurmenntun dómara

Til þess að vinna að endurmenntunarstefnu héraðsdómstólanna og leggja mat á þörf fyrir endurmenntun hverju sinni hefur dómstólaráð skipað sérstakt fagråd dómara. Fagráðið skipa: Ásmundur Helgason, Ragnheiður Harðardóttir og Þorgeir Ingi Njálsson. Fagráðið skipulagði og sá um eftirfarandi námskeið á árinu:

- Desember: Tjáningarfrelsi samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu á vegum Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands. Fyrirlesari var Davíð Þór Björgvinsson.

Human Rights Education For Legal Professionals (HELP)

Hjörtur O. Aðalsteinsson, dómstjóri Héraðsdóms Suðurlands og fulltrúi í dómstólaráði, var tilnefndur af hálfu dómstólaráðs til þess að sækja ráðstefnur HELP sem eru haldnar árlega á vegum Evrópuráðsins en nefndinni er ætlað að

stuðla að kynningu mannréttindasáttmálans meðal dómara, saksóknara og lögmanna í aðildarríkjunum og auðvelda þeim að beita ákvæðum sáttmálans í daglegum störfum sínum.

Kolbrún Sævarsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, var valin úr hópi fjölda tilnefndra einstaklinga á vegum HELP til þess að sækja námskeið er varðaði Mannréttindasáttmála Evrópu og réttarframkvæmd Mannréttindadómstólsins.

Vísdomur

Markmið Vísdoms er að styrkja starfsmenn héraðsdómstólanna í störfum sínum með aukinni færni og þekkingu. Verkefnið er liður í að móta heildstætt námskerfi fyrir starfsmenn dómstólanna sem tekur mið af nýjum þörfum fyrir fræðslu og þjálfun á vinnustað. Fræðslan byggist á greiningu á þörfum starfsmanna þar sem til grundvallar liggur hlutverk og stefna dómstólanna. Í stýrihóp Vísdoms sitja Friðrik Þ. Stefánsson, Hulda Kristinsdóttir, Hulda Júlía Sigurðardóttir, Ingibjörg L. Stefánsdóttir og Ólöf Finnsdóttir. Eftirfarandi námskeið voru haldin á vegum Vísdoms á árinu:

- Janúar: Meðferð sakamála. Kennsla og umsjón: Sólveig Ingadóttir, aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Suðurlands.
- Mars: Gjaldþrotaskipti, aðfararbeiðnir og aðrar tegundir dómsmála. Kennsla og umsjón: Þórhildur Línal og Ásbjörn Jónasson, aðstoðarmenn dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur.
- Maí: Skjalastjórnun. Kennsla og umsjón: Gunnhildur Manfreðsdóttir frá Gagnavörslunni og Ólöf Finnsdóttir, framkvæmdastjóri dómstólaráðs.
- Nóvember: Íslenskunámskeið. Kennsla og umsjón: Sigrún Steingrímsdóttir, prófarkalesari við Héraðsdóm Reykjavíkur.
- Nóvember: Heilsuefling. Kennsla og umsjón: Janus Guðlaugsson, doktor í íþróttá- og heilsufræði.

Kynningarfundur með fjölmiðlum

Haldinn var kynningarfundur með fjölmiðlum 30. janúar 2014 sem var einn liður í stefnu dómstólaráðs og héraðsdómstólanna um gagnsæja upplýsingamiðlun og mótun upplýsingastefnu. Á fundinum var sagt frá hlutverki dómstólaráðs og dómstjóra, málsmeðferðarreglum einkamála og sakamála, refsingu og refsíákvörðun og gerð grein fyrir gildandi reglum um birtingu dóma og úrskurða á heimasíðu héraðsdómstólanna.

Samþykktar siðareglur fyrir starfsmenn dómstóla

Dómstólaráð samþykkti á fundi í febrúar 2014 siðareglur fyrir starfsmenn dómstóla en fyrir lá að stjórn Dómarafélags Íslands hygðist taka til skoðunar hvort setja ætti siðareglur fyrir dómara og gerði fyrirvara við að siðareglur dómstólaráðs fyrir starfsmenn dómstóla tækju til dómara. Dómstólaráð ákvað að endurskoða siðareglurnar þegar endanleg afstaða Dómarafélags Íslands liggur fyrir en í síðasta lagi innan tveggja ára frá samþykkt þeirra.

Starfsdagur dómstólanna

Hinn 17. október 2014 var haldinn starfsdagur í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju sem bar yfirskriftina „Liðsheild og styrkur samvinnu“. Að undirbúningi starfsdagsins stóðu þau Jón Höskuldsson, Kristinn Halldórsson, Margrét Halldóra Hallgrímsdóttir, Ragnheiður Bragadóttir og Jenný Jónsdóttir. Á starfsdeginum var gerð grein fyrir stöðu mála við stefnumótunarvinnu dómstólaráðs og helstu verkefnum á komandi starfsári. Hafrún Kristjánsdóttir, sálfræðingur og sviðsstjóri íþróttasviðs Háskólans í Reykjavík, hélt fyrirlestur um uppbyggingu á sterkri liðsheild og Ólafur Stefánsson, afreksmaður í handbolta og heimspekingur, hélt erindi um liðsheild út frá sjónarhorni atvinnumanns í íþróttum. Að lokum fór Ari Eldjárn uppistandari með gamanmál.

Erlent samstarf

Reglubundinn fundur forstöðumanna norrænu dómstólaráðanna var að þessu sinni haldinn í Reykjavík dagana 2.–3. október 2014. Fundurinn hófst með því að dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur kynnti starfsemi dómstólsins ásamt því að sýna gestum Dómhúsið. Rafræn málsmeðferð var til umfjöllunar og kynntu fulltrúar hvers lands fyrir sig stöðu þeirra mála og er ljóst að þróunin er augljóslega í átt að aukinni rafvæðingu, m.a. með notkun snertiskjáa við þinghöld í Danmörku. Gæðastjóri á skrifstofu stefnumótunar og þróunar hjá innanríkisráðuneytinu sagði m.a. frá vinnu varðandi kortlagningu á gagnasamskiptum milli stofnana réttarvörslukerfisins með hagræðingu og hagkvæmni að leiðarljósi. Norðmenn kynntu innleiðingu og þróun rafrænnar gæðastefnu hjá norsku dómstólunum sem ætlunin er að halda utan um á innra neti dómstólanna og dómstólaráðs. Endurmenntunarmál dómara og annarra starfsmanna dómstólanna voru til umræðu og var gerð grein fyrir störfum fagráðsins og Vísðóms og þeirri greiningarvinnu sem átt hefur sér stað varðandi stöðu og þróun endurmenntunarmála við

héraðsdómstólana. Þá sögðu Svíar frá verkefni sem er hluti að aukinni samvinnu dómstjólaráðs og dómstjóra, m.a. varðandi stefnumótunarvinnu og innleiðingu stefnunnar. Finnar sögðu frá samþykktri stefnu fyrir réttarkerfið fyrir árin 2013-2025 sem felur m.a. í sér stofnun dómstólaráðs sem tekur til stjórnslu allra dómstóla landsins en stjórnslu dómstólanna hefur til þessa verið á ábyrgð dómismálaráðuneytisins. Fulltrúar finnska dómismálaráðuneytisins sem fara fyrir starfshópi um stofnun dómstólaráðs mættu á fundinn sérstaklega í þeim tilgangi að kynna sér fyrirkomulag á starfsemi dómstólaráðs og helstu verkefni ráðsins.

Vefsíða dómstólaráðs og málaskrá

Dómstólaráð heldur utan um og rekur heimasíðuna www.domstolar.is. Á heimsíðunni má finna upplýsingar um hvern dómstól fyrir sig, tölfræði, dómaleitarvél, fréttir af starfseminni og margvíslegar aðrar upplýsingar um starfsemi héraðsdómstólanna og dómstólaráðs. Dómstólaráð heldur utan um rekstur málaskrár héraðsdómstólanna. Héraðsdómstólarnir skrá upplýsingar um aðila máls, málsmeðferð og lyktir mála í málaskrána en dómstólaráð hefur með höndum samantekt á tölfræðiupplýsingum til birtingar á heimasíðu og í ársskýrslu.

Sérfróðir meðdómsmenn

Pegar deilt er um staðreyndir, sem eru bornar fram sem málsástæður og dómari telur þurfa sérkunnáttu í dóm til að leysa úr, getur hann kvatt til tvo meðdómsmenn sem hafa slíka sérkunnáttu. Eins ef mál er umfangsmikið eða sakarefni mjög mikilvægt frá almennu sjónarmiði er mögulegt að kveðja til sérfróðan meðdómsmann. Kostnaður vegna sérfróðra meðdómsmanna við héraðsdómstólana nam 91 m.kr. á árinu 2014 sem er 6,8% af heildarútgjöldum dómstólanna. Kostnaður vegna launa sérfróðra meðdómsmanna hefur aukist verulega umfram verðlagsþróun undanfarin ár eins og sjá má á meðfylgjandi töflu er sýnir þróun í launakostnaði vegna sérfróðra meðdómsmanna frá árinu 2008-2014.

Tafla 3. Þróun launakostnaðar sérfróðra meðdómsmanna 2008-2014

Ártal	Upphæð í milljón.kr.
2008	36
2009	42
2010	41
2011	48
2012	61
2013	66
2014	91

HÉRAÐSDÓMSTÓLAR

Kynning embætta, staðsetning, stærð og tölulegar upplýsingar

Fjöldi stöðugilda héraðsdómstólanna

Dómarar héraðsdómstólanna voru samtals 38 á grundvelli 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998 þar til þeim var fjölgað tímabundið í samtals 43 með lögum nr. 147/2009 er tóku gildi 1. janúar 2010. Ekki skal skipa í embætti héraðsdómara, sem losna eftir 1. janúar 2015, fyrr en þess gerist þörf til að ná aftur fjölda héraðsdómara í 38, sbr. 1. gr. laga nr. 115/2013.

Tafla 4. Fjöldi stöðugilda héraðsdómstólanna

	Dómarar					Aðstoðarmenn					Aðrir starfsmenn				
	2010	2011	2012	2013	2014	2010	2011	2012	2013	2014	2010	2011	2012	2013	2014
HDR	23,7	25	25	25	25	5,3	5,5	6	5,7	5,85	18	17	17	18	18
HDVL	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
HDVF	1	1	1	1	1	0	0	0	0	0	1	1	1	1	1
HDVF	1	1	1	1	1	0	0	0	0	0	1	1	1	1	1
HDNV	1	1	1	1	1	0	0	0	0	0	1	1	1	1	1
HDNE	3	3	3	3	3	0	0	0	0	0	2	2	2	2	2
HDAL	1	1	1	1	1	0,27	0,33	0	0	0	1	1	1	1	1
HDSL	2,8	3	3	3	3	1	1	1	1	1	2	2	2	2	2
HDRN	7,6	8	8	8	8	2	2,71	3	3	3	6	6	6	6	6
Samtals	41,1		43			9,57	11,5	11	10,7	10,9	34,5	31	32	32	32
Dómstólaráð			2,2					2,2					2,2		

Á grundvelli 2. mgr. 20. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla getur ráðherra sett dómara í embætti, í forföllum skipaðs dómara, ef sérstakar annir krefja og dómstólaráð mælir með því. Á árinu 2014 voru 8 dómarar settir við Héraðsdóm Reykjavíkur, í mislangan tíma, vegna forfalla eða leyfis skipaðs dómara.

Héraðsdómur Reykjavíkur

Í Dómhúsinu við Lækjartorg er aðsetur Héraðsdóms Reykjavíkur og heyra sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur undir umdæmi hans. Dómstjóri er Ingimundur Einarsson. Við dómstólinn starfa 24 dómara auk dómstjóra, 6 aðstoðarmenn, 11 dómritarar og 7 aðrir starfsmenn.

Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra

Á árinu 2014 var fjöldi nýrra mála hjá Héraðsdómi Reykjavíkur nokkru minni en árið 2013. Fækkunin dreifðist á flesta málaflokka, í mismiklum mæli þó. Hið sama virðist eiga við um aðra dómstóla landsins, þar fækkaði málum einnig verulega á milli ára. Hjá Héraðsdómi Reykjavíkur fækkaði mest í sektarboðum, aðfararbeiðnum, nauðasamningsumleitunum, matsmálum, rannsóknarúrskurðum og ýmsum ágreiningsmálum, svo sem vegna kyrrsetningar og lögbanns, gjaldþrotaskipta, aðfarargerða og nauðungarsölu. Hins vegar fjölgaði munnlega fluttum einkamálum, gjaldþrotaskiptabeiðnum, lögræðismálum og barnaverndarmálum. Þá margfaldaðist fjöldi beiðna um flýtimeðferð mála, fór úr 12 beiðnum árið 2013 í 54 árið 2014. Af þeim fjölda var fallist á flýtimeðferð í 32 málum. Meirihluti þeirra mála stafaði frá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, þar sem krafist var forsjárviptingar foreldra.


Með nokkrum sanni má segja að málafjöldi og tegundir þeirra mála sem koma til kasta dómstóla hvert ár sé einn af fjölmörgum mælikvörðum á ástand og horfur í samfélaginu. Þannig geta einstakir málaflokkar gefið vísbendingu um fjárhagslega og félagslega stöðu almennings, samfélagslega ábyrgð þegnanna og áherslur löggjafans eða stofnana á tiltekna málaflokka. Jafnvel má þar greina hve vel eða illa hefur til tekist í stjórnslu stofnana ríkisins. Í ljósi þessa er áhugavert að rýna í tölur er sýna breytingar milli ára á nokkrum tegundum munnlega fluttra einkamála, svo og sundurliðun sakfellinga eftir brotaflokkum. Er lesendum látið það eftir.

Í samantekt í ársskýrslunni fyrir árið 2013 var þess getið að mikil aukning hefði orðið í einkamálum þar sem deilt er um lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlendra gjaldmiðla eða vísitölu, eða uppgjöri slíkra skuldbindinga, en með lögum nr. 80/2013, um breytingu á lögum um meðferð einkamála, var mælt svo fyrir að meðferð þeirra mála skyldi hraðað. Á árinu 2014 varð gríðarleg aukning í þessum málaflokki, en þá var um 260 málum úthlutað til þeirra þriggja dómara sem annast meðferð þeirra. Lög nr. 80/2013 féllu úr gildi 1. janúar sl. Rekstur þessara mála hefur mjög sett mark sitt á meðferð annarra einkamála sem rekin eru fyrir dómstólum, og er þá sérstaklega litið til málsmeðferðartíma þeirra. Þrátt fyrir að fyrir liggi nú fjöldi dóma um álitæfnið, bæði frá héraðsdómi og Hæstarétti, virðist þó ekkert lát á. Er það íhugunarefni.

Ákærumál í Héraðsdómi Reykjavíkur

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Reykjavíkur frá árinu 2000 til ársins 2014. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 799 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 768 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 73 dagar á árinu 2014 en 60 dagar á árinu 2013.


Mynd 3. Þróun ákærumála hjá HDR árin 2000-2014



Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Reykjavíkur

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Reykjavíkur frá árinu 2000 til ársins 2014. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómpingi var úthlutað 956 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 774 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 371 dagur á árinu 2014 en 353 dagar á árinu 2013.

Mynd 4. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDR árin 2000-2014



Héraðsdómur Vesturlands

Í Borgarnesi er aðsetur Héraðsdóms Vesturlands og heyra Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær undir hans umdæmi. Dómstjóri er Allan V. Magnússon. Við dómstólinn starfar einn aðstoðarmaður og einn dómritari.


Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra

Árið 2014 var sambærilegt fyrra ári hvað varðar einkamál en opinberum málum fækkaði nokkuð. Breyting varð á starfsmannahaldi hluta úr árinu, þar sem Guðfinnur Stefánsson fékk setningu við Héraðsdóm Reykjavíkur fyrri hluta árs og nýr aðstoðarmaður var fenginn til afleysingar. Á árinu voru umfangsmikil saka- og einkamál til meðferðar, meðal annars með fjölskipuðum dómi. Samtals bárust dómnum 489 mál til úrlausnar, sem er nokkur fækkun frá fyrra ári en þá bárust dómnum 586 mál. Munar þar mest um fækkun aðfararbeiðna en helmingsfækkun varð í þeim málaflokki milli ára.

Ákærumál í Héraðsdómi Vesturlands

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Vesturlands frá árinu 2000 til ársins 2014. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 82 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 83 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 172 dagar á árinu 2014 en 104 dagar á árinu 2013.


Mynd 5. Þróun ákærumála hjá HDVL árin 2000-2014



Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Vesturlands

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Vesturlands frá árinu 2000 til ársins 2014. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar dómara á árinu. Af reglulegu dómþingi var úthlutað 12 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 11 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 437 dagar á árinu 2014 en 476 dagar á árinu 2013.

Mynd 6. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDVL árin 2000-2014



Héraðsdómur Vestfjarða

Á Ísafirði er aðsetur Héraðsdóms Vestfjarða og heyra Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð undir hann. Dómstjóri er Sigríður Elsa Kjartansdóttir. Við dómstólinn starfar einn dómritari.

Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra

Þeim málum sem bárust Héraðsdómi Vestfjarða á árinu 2014 fækkaði lítillega frá því árið á undan eða úr 269 árið 2013 í 248 árið 2014, eða um 7,8%. Þrátt fyrir að fækkunin hafi ekki verið meiri en þetta þá voru sveiflur innan einstakra málaflokka miklar og má sem dæmi nefna að einkamálum fjölgaði úr 76 í 107 og aðfararbeiðnum fækkaði úr 58 í 24. Þá var árið einnig sérstakt fyrir þá sök að fjöldi sakamála sem dæmd voru af þremur dómurum voru fleiri en undanfarin ár, þrjú í stað t.d. eins árið 2013. Hér er um að ræða mál sem höfðuð voru af embætti ríkissaksóknara, í tveimur tilvikum vegna kynferðisbrotamála, og fyrirséð að niðurstaða málanna myndi ráðast af sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi. Ekki er þó hægt að túlka þessar tölur einar og sér sem aukningu á þessum málum, til þess eru þau of fá og tímabilið of stutt. Til að manna fjölskipaða dóma vegna þessara mála naut dómstóllinn starfskrafta annars vegar dómara frá Héraðsdómi Reykjavíkur og hins vegar frá Héraðsdómi Suðurlands.

Eins og fyrri ár raskaði veður og ófærð ítrekað starfsemi dómstólsins. Virtist oft sem um væri að ræða álög á einstökum sakamálum þar sem óveður skall á hvert sinn sem nýr dagur aðalmeðferðar nálgadist þannig að ítrekað varð að fresta þeim. Engu að síður styttist málsmeðferðartími ákærumála úr 89 dögum árið 2013 í 72 daga árið 2014. Þá var meðalafgreiðslutími einkamála 253 dagar og fækkaði úr 273 árið á undan.

Ákærumál í Héraðsdómi Vestfjarða

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Vestfjarða frá árinu 2000 til ársins 2014. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 54 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 63 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 72 dagar á árinu 2014 samanborið við 89 daga á árinu 2013.


Mynd 7. Þróun ákærumála hjá HDVF árin 2000-2014



Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Vestfjarða

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Vestfjarða frá árinu 2000 til ársins 2014. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómþingi var úthlutað 11 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 9 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 253 dagar á árinu 2014 en 273 dagar á árinu 2013.

Mynd 8. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDVF árin 2000-2014



Héraðsdómur Norðurlands vestra

Á Sauðárkróki er aðsetur Héraðsdóms Norðurlands vestra og heyra Akrahreppur, Blönduósbær, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd undir hans umdæmi. Dómstjóri er Halldór Halldórsson. Við dómstólinn starfar einn dómritari.


Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra

Nánast engar breytingar urðu á starfsemi dómstólsins á árinu 2014 og var það í raun svipað liðnum árum um flest. Starfsmenn voru þeir sömu, dómstóllinn rekinn innan fjárheimilda í sama húsnæði og verið hefur. Hins vegar varð loks úr að dómstóllinn fengi stafrænan upptökubúnað í dómsalinn sem var löngu tímabært og til mikilla bóta. Málafjöldi var í heildina svipaður og á síðasta ári þó þannig að aðfararmálum fækkaði verulega en þau voru óvenjumörg á árinu 2013. Málin voru því allnokkuð færri en þau voru fram til ársins 2013 en þá varð nokkur fækkun. Engin leið er að segja til um hvers vegna málum hefur fækkað. Hins vegar er það svo að málum þar sem tekið er til varna hefur ekki fækkað svo neinu nemi og skiptir þá ekki máli í hvaða málaflokk þau falla. Áframhald varð á samvinnu dómstólsins við Héraðsdóm Reykjavíkur og Héraðsdóm Reykjaness sem felst í því að ritari við dómstólinn vinnur mikið við að útbúa endurrit fyrir þessa dómstóla og fer verulegur hluti vinnutíma ritarans í þessa vinnu. Þetta fyrirkomulag kemur sér hins vegar vel enda hefur, eins og fram kom í ársskýrslu fyrir árið 2013, verkefnum ritara við dóminn fækkað nokkuð frá því sem áður var. Þá varð áframhald á samvinnu dómstólsins við Héraðsdóm Reykjavíkur við að ljúka útivistarmálum sem höfðu eru fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og afgreiddi dómari Héraðsdóms Norðurlands vestra á liðnu ári 495 mál sem höfðu voru fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Ákærumál í Héraðsdómi Norðurlands vestra

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Norðurlands vestra frá árinu 2000 til ársins 2014. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 26 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 24 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 83 dagar á árinu 2014 en 90 dagar á árinu 2013.


Mynd 9. Þróun ákærumála hjá HDNV árin 2000-2014



Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Norðurlands vestra

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Norðurlands vestra frá árinu 2000 til ársins 2014. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru mál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómþingi var úthlutað 7 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 8 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðatími munnlega fluttra einkamála voru 187 dagar á árinu 2014 en 184 dagar á árinu 2013.

Mynd 10. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDNV árin 2000-2014



Héraðsdómur Norðurlands eystra

Á Akureyri er aðsetur Héraðsdóms Norðurlands eystra og heyra Akureyrar-kaupstaður, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit, Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Svalbarðsstrandahreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit undir hans umdæmi. Dómstjóri er Ólafur Ólafsson. Við dómstólinn starfa tveir dómáramar auk dómstjóra og þrjú dómritarar.

Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra

Um árið 2014 er það helst að segja að nokkrar tilfærslur urðu á málaflokkum en í heild fækkaði málum við embættið. Þannig fækkaði helst sakamálum og munnlega fluttum einkamálum. Helsta skýring þessa er að lokið var nokkrum málum sem tengdust margumtöluðu efnahagshruni, en einnig fækkaði svokölluðum sektarboðsmálum lögreglustjóra og eru þau svo til horfin. Málsmeðferðartími munnlegra einkamála lengdist frá fyrra ári og skýrist það helst af því að umfangsmiklum þjóðlendumálum tókst ekki að ljúka eins og til stóð og er það miður. Málsmeðferðartími sakamála var aftur á móti svipaður og árið áður. Sakamálum frá embætti ríkissaksóknara fjölgaði nokkuð og var þar helst um að ræða alvarleg líkamsárásarmál og kynferðisbrotamál. Mál sem vörðuðu umferðar- og fíkniefnamál voru svipuð að fjölda, en nokkur fjölgun var aftur á móti í málum sem vörðuðu dánarbú.


Starfsmenn dómstólsins eru fimm, þ.e. þrjú dómáramar og tveir dómritarar, en dómáritari í hlutastarfi hætti á árinu. Ekki hefur fengist heimild dómstólaráðs til að ráða löglærðan aðstoðarmann í fullt starf eða hlutastarf þrátt fyrir beiðni þar um.

Einn ánægjulegasti þáttur í starfsemi dómstólsins var, líkt og mörg undanfarin ár, vera laganema frá öllum Háskólum landsins. Er dvölin þáttur í námi laganemanna, en einnig létta þeir undir hjá dómriturum og koma að auki m.a. að undirbúningi þinghalda og afgreiðslu dómsmála. Hafa því allir aðilar nokkurt gagn af.

Ákærumál í Héraðsdómi Norðurlands eystra

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Norðurlands eystra frá árinu 2000 til ársins 2014. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 215 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 182 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 86 dagar á árinu 2014 samanborið við 81 dag á árinu 2013.


Mynd 11. Þróun ákærumála hjá HDNE árin 2000-2014



Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Norðurlands eystra

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Norðurlands eystra frá árinu 2000 til ársins 2014. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru mál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómþingi var úthlutað 33 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 30 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 454 dagar á árinu 2014 en 530 dagar á árinu 2013.

Mynd 12. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDNE árin 2000-2014



Héraðsdómur Austurlands

Á Egilsstöðum er aðsetur Héraðsdóms Austurlands og heyra Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vopnafjarðarhreppur undir hans umdæmi. Dómstjóri er Hildur Briem. Við dómstólinn starfar einn dómritari.

Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra

Árið 2014 fækkaði innkomnum málum til Héraðsdóms Austurlands nokkuð, þ.e. í 251 mál úr 315 málum árið 2013. Mestu munar þar um fækkun aðfararbeiðna, en þeim málum fækkaði milli ára úr 62 í 20 mál. Þá fækkaði ákærumálum frá lögreglustjórum talsvert milli ára, eða úr 43 í 28 mál. Giska má á að sameiningar og breytingar á embættum lögreglustjóra og sýslumanna, sem tóku gildi sl. áramót, hafi tekið sinn toll og skýri að einhverju leyti þessa fækkun. Munnlega fluttum einkamálum fækkaði einnig milli ára, úr 14 í 9 mál. Fjöldi þeirra mála hefur verið nokkuð breytilegur milli ára en undanfarinn áratug hefur hann verið á bilinu 10 til 53 mál, mestur á árunum 2008 og 2010.


Eftir framangreindar breytingar á embættum sýslumanna og lögreglustjóra heyra nú til umdæmis dómstólsins mál frá tveimur sýslumannsembættum og tveimur lögreglustjóraembættum í stað þriggja embætta sýslumanna með lögreglustjóravald áður. Þetta eru embætti sýslumanns og lögreglustjóra á Austurlandi og sýslumanns og lögreglustjóra á Suðurlandi. Í breytingunum fólst m.a. að embætti sýslumannsins á Höfn var lagt niður og Sveitarfélagið Hornafjörður fellt undir umdæmi nýstofnaðra embætta sýslumanns og lögreglustjóra á Suðurlandi. Hefur dómstjóri vakið athygli innanríkisráðuneytisins á annmörkum þess að umdæmi dómstólsins og umdæmi sýslumanna og lögreglustjóra fari ekki fyllilega saman.

Starfsmannahald er óbreytt frá fyrra ári, en við dóminn starfa einn héraðsdómari, sem jafnframt er dómstjóri, og einn dómritari. Flest dómþing eru háð í húsnaði dómstólsins á Egilsstöðum, en fyrir kemur að af hagkvæmnisástæðum séu þinghöld haldin annars staðar. Óvenjumikið var um truflanir á samgöngum með flugi síðasliðinn vetur og setti það nokkurt mark á starfseminu framan af vetri 2014.

Ákærumál í Héraðsdómi Austurlands

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Austurlands frá árinu 2000 til ársins 2014. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 38 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 38 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 105 dagar á árinu 2014 en 96 dagar á árinu 2013.


Mynd 13. Þróun ákærumála hjá HDA árin 2000-2014



Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Austurlands

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Austurlands frá árinu 2000 til ársins 2014. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru mál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómþingi var úthlutað 9 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 9 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 314 dagar á árinu 2014 en 282 dagar á árinu 2013.

Mynd 14. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDA árin 2000-2014



Héraðsdómur Suðurlands

Á Selfossi hefur Héraðsdómur Suðurlands aðsetur sitt og heyra Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjabær undir hans umdæmi. Dómstjóri er Hjörtur O. Aðalsteinsson. Við dómstólinn starfa tveir dómáramur auk dómstjóra, tveir dómritarar og einn aðstoðarmaður.


Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra

Þegar litið er til ársins 2014 vilja starfsmenn helst vekja athygli á því að Héraðsdómur Suðurlands varð í efsta sæti í hinni árlegu könnun SFR meðal starfsfólks um stofnun ársins í flokki stofnana með færri en 20 starfsmenn eftir að hafa lent í öðru sæti árið 2013. Athygli vekur að ákærumálum fækkar úr 419 árið 2013 í 204 árið 2014 en breytingar sem gerðar voru á lögregluembættum í umdæmi dómsins gætu skýrt þessa fækkun. Þá fækkar munnlega fluttum einkamálum úr 54 árið 2013 í 23 árið 2014. Hafa slík mál ekki verið færri frá því að dómstóllinn tók til starfa árið 1992. Að öðru leyti hefur starfsemin verið í föstum skorðum. Löglærður aðstoðarmaður hefur nýst vel og má segja að störf aðstoðarmanna nálgist það að vera sambærileg og störf gömlu dómárafulltrúanna. Mikilvægt er að búa vel að dómstólunum og er nauðsynlegt að allir dómáramur geti notið þessara starfskrafta. Hæstiréttur hefur undanfarið skerpt á þeim heimildum sem aðstoðarmenn hafa til að ljúka málum í eigin nafni. Þá bar það til tíðinda að dómritari sem starfað hafði frá upphafi við dóminn lét af störfum sökum aldurs og búrúst 22 umsóknir um stöðuna, þar af voru 5 lögfræðingar án þess að slíkrar menntunar væri krafist. Enginn þeirra var þó ráðinn.

Ákærumál í Héraðsdómi Suðurlands

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Suðurlands frá árinu 2000 til ársins 2014. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum búrúst 205 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 262 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 108 dagar á árinu 2014 en 66 dagar á árinu 2013.


Mynd 15. Þróun ákærumála hjá HDS árin 2000-2014



Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Suðurlands

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Suðurlands frá árinu 2000 til ársins 2014. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru mál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómpingi var úthlutað 28 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 38 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 263 dagar á árinu 2014 samanborið við 261 dag á árinu 2013.

Mynd 16. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDS árin 2000-2014



Héraðsdómur Reykjaness

Í Hafnarfirði hefur Héraðsdómur Reykjaness aðsetur sitt og heyra Gardabær, Grindavíkurbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogsbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Álftanes, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar undir hans umdæmi. Dómstjóri er Þorgeir Ingi Njálsson. Við dómstólinn starfa sjö dómarmenn auk dómstjóra, þrjú aðstoðarmenn, einn skrifstofustjóri, þrjú dómritarar, móttökuritari og bókarari.

Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra

Munnlega fluttum einkamálum fjölgaði lítillega milli ára hjá HDRN, fóru úr 176 málum árið 2013 í 185 mál árið 2014, án þess þó að málsmeðferðartími lengdist, enda vart um marktækan mun að ræða. Á sama tíma fækkaði ákærumálum úr 499 málum í 433 mál. Engu að síður lengdist málsmeðferðartími í þessum málaflokki úr 63 dögum að meðaltali árið 2013 í 80 daga árið 2014. Skýringa á þessu er meðal annars að leita í því að tilvikum, þar sem uppi er ágreiningur sem snýr að formhlið máls og dómari þarf að úrskurða um fyrir aðalmeðferð, hefur fjölgað. Má hér sérstaklega nefna kröfur um frávísun. Hvað sem þessu annars líður hefur engin sú breyting orðið varðandi málsmeðferðartíma sem ástæða er til að hafa áhyggjur af. Fjöldi rannsóknarmála (R-mál) við dómstólinn hefur verið mjög mikill allt frá árinu 2008 og náði hámarki á árinu 2013, en það ár voru kveðnir upp 809 rannsóknarúrskurðir. Fjöldi þeirra á árinu 2014, 567, var nálægt meðaltali áráanna 2008 til 2012, en til samanburðar má geta þess að meðaltal áráanna 2000-2007 var 162 mál.


Viðfangefni dómstólanna eru mjög fjölbreytt og má til sanns vegar færa að þeim sé fátt mannlegt óviðkomandi. Þegar málatölur eru skoðaðar er helst hugað að sakamálum annars vegar og einkamálum hins vegar. Á grundvelli 1. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála hefur hugtakið einkamál verið skilgreint þannig að það taki til allra dómsmála sem sæta ekki sérstakri meðferð fyrir dómi eftir öðrum lögum. Halda ber því til haga að utan við þessa flokkun falla samkvæmt þessu mál sem varða fullnustugerðir, þ.e. aðfarargerðir, nauðungarsölu, dánarbússkipti og skuldaskilarétt, mál sem rekin eru fyrir dómi á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002, en þar ber mest á kröfum barnaverndarnefnda um vistun barns utan heimilis, og mál sem rísa vegna ágreinings um ákvörðun sýslumanns um þinglýsingu. Í lögfræðilegu tilliti og þegar horft er til umfangs að öðru leyti má að fullu jafna þessum tegundum mála við einkamál í framangreindum skilningi sem sæta sókn og vörn fyrir héraðsdómi, en á árinu 2014 voru þau 75 talsins (62 fullnustumál, 9 barnaverndarmál og 4 þinglýsingamál). Hjá HDRN er staðan síðan sú að við bætist fjöldi rannsóknarúrskurða, sbr. hér að framan, og þó nokkur fjöldi mála þar sem leyst var úr kröfum sem settar voru fram á grundvelli lögræðislaga nr. 71/1997.

Að því er varðar einstakar tegundir einkamála þykir rétt að geta þess að í um það bil þremur af hverjum fjórum forsjármálum sem komu til úthlutunar á árinu 2014 var höfð uppi krafa um að úrskurðað yrði um skipan forsjár til bráðabirgða, en hlutfallslega séð er hér um stóran málaflokk að ræða. Hefur kröfum af þessum toga fjölgað jafnt og þétt á undanförunum árum. Geri stefnandi slíka kröfu við þingfestingu forsjármáls er það þegar í stað tekið út af reglulegu dómþingi og því úthlutað til dómara sem leysir úr kröfunni, eftir atvikum með úrskurði. Sami dómari fer svo áfram með forsjármálið og leiðir það endanlega til lykta.

Ákærumál í Héraðsdómi Reykjaness

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Reykjaness frá árinu 2000 til ársins 2014. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 433 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 467 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 80 dagar á árinu 2014 en 63 dagar á árinu 2013.


Mynd 17. Þróun ákærumála hjá HDRN árin 2000-2014



Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Reykjaness

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Reykjaness frá árinu 2000 til ársins 2014. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru mál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómþingi var úthlutað 187 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 214 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 248 dagar á árinu 2014 en 256 dagar á árinu 2013.


Mynd 18. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDRN árin 2000-2014



HÉRAÐSDÓMSTÓLAR Í TÖLUM⁵

Þegar tölulegar upplýsingar héraðsdómstólanna eru skoðaðar er áhugavert að líta til íbúafjölda⁶ í umdæmi héraðsdómstólanna. Í umdæmi Héraðsdóms Reykjavíkur búa um 42% íbúa, í umdæmi Héraðsdóms Reykjaness búa um 29% íbúa, í umdæmi Héraðsdóms Norðurlands eystra búa 9% íbúa, í umdæmi Héraðsdóms Suðurlands búa um 7% íbúa, í umdæmi Héraðsdóms Vesturlands búa um 5% íbúa, í umdæmi Héraðsdóms Austurlands búa um 4% íbúa, í umdæmi Héraðsdóms Norðurlands vestra búa um 2% íbúa og í umdæmi Héraðsdóms Vestfjarða búa um 2% íbúa.

Mynd 19. Fjöldi íbúa í umdæmi hvers héraðsdómstóls 2014



Á næstu síðum eru birtar margvíslegar tölulegar upplýsingar um starfsemi dómstólanna, m.a. um greiningu mála eftir brotaflokkum í sakamálum og eftir tegundum einkamála. Umfangsmestu verkefni héraðsdómstólanna eru einkamál og sakamál. Einkamál skiptast síðan í munnlega flutt einkamál, þar sem vörnum er haldið uppi í svonefndum ágreiningsmálum⁷ auk lögræðismála og skriflega fluttra einkamála þar sem ekki er tekið til varnar. Sakamál sem berast dómstólunum eru af

⁵Á heimasíðu dómstólaráðs <http://www.domstolar.is> er að finna tölfræðiupplýsingar sem uppfærðar eru reglulega.

⁶ Upplýsingar um mannfjölda má finna á heimasíðu Hagstofu Íslands.

⁷t.d. mál vegna fjárnáms, nauðungarsölu, lögbanns, gjaldþrots, greiðslustöðvunar, nauðasamninga, beinna aðfarargerða o.s.frv.

tvennum toga. Annars vegar eru mál sem höfðuð eru af ákærvaldinu⁸ á hendur einstaklingum eða lögaðilum til refsingar. Hins vegar eru svonefnd sektarboðsmál. Lögreglustjóra er lögum samkvæmt heimilt til að ljúka vissum málum með sektargreiðslu. Sakborningi er þá gefinn kostur á að ljúka máli sínu með því að greiða sekt. Sinni sakborningur ekki sektargreiðslunni getur lögreglustjóri sent málið héraðsdómara til ákvörðunar sektar og vararefsingar. Dómari tekur ákvörðun um viðurlög með áritun á sektarboð lögreglustjóra og hefur slík áritun sömu áhrif og dómur. Dómarar ganga svokallaðar rannsóknarvaktir og sinna þar erindum frá lögreglu þar sem atbeina dómstóla er þörf í þágu rannsóknar sakamáls. Viðamestu málin eru annars vegar kröfur um gæsluvarðhald og hins vegar skýrslutökur af börnum sem grunur leikur á að hafi mátt þola kynferðisbrot. Fjölbreytt mál koma til úrlausnar hjá héraðsdómstólunum og eru nánari upplýsingar og sundurliðun mála birt í töflu 4 hér að neðan.

Héraðsdómstólarnir innheimta dómsmálagjöld á grundvelli ákvæða laga um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991. Dómsmálagjöld eru greidd vegna meðferðar einkamála í héraði og fara þau stighækkandi með hliðsjón af stefnu fjárhæð máls. Fyrir þingfestingu máls þar sem stefnu fjárhæð nemur allt að 3 m.kr. greiðast 15.000 kr. í þingfestingargjald. Fyrir þingfestingu máls þar sem stefnu fjárhæð er frá 3 m.kr. að 30 m.kr. og vegna mála þar sem krafist er viðurkenningar á réttindum og/eða skyldu greiðast 30.000 kr. Gjaldskrá á grundvelli ákvæða laga um aukatekjur ríkissjóðs má nálgast á heimasíðu héraðsdómstólanna. Sem dæmi má nefna að Héraðsdómur Reykjavíkur innheimti 175 m.kr. í dómsmálagjöld á árinu 2013 en 164 m.kr. í dómsmálagjöld á árinu 2014.

Tafla 3. Þróun dómsmálagjalda héraðsdómstólanna 2012-2014


Ártal	Upphæð í m.kr.
2012	306
2013	278
2014	248

⁸ Lögreglustjóri, ríkissaksóknari og sérstakur saksóknari fara með ákærvaldið.

Fjöldi sakfellinga eftir skilgreindum brotaflokkum

Á meðfylgjandi töflu má sjá fjölda sakfellinga hjá héraðsdómstólunum í heild sinni á árinu 2014 í tilgreindum brotaflokkum. Ekki er um tæmandi greiningu á brotaflokkum að ræða heldur einugis hluta af þeim sem koma til meðferðar héraðsdómstólanna.

Mynd 20. Fjöldi sakfellinga eftir skilgreindum brotaflokkum fyrir árið 2014⁹




⁹ Hér er ekki um tæmandi talningu að ræða um fjölda sakfellinga hjá dómstólunum.

Skýrslutaka af brotaþola yngri en 18 ára

Á meðfylgjandi mynd má sjá fjölda skýrslutaka á rannsóknarstigi máls af brotaþola síðustu fimm árin eftir kyni og fæðingarári barns.


Mynd 21. Skýrslutökur af börnum yngri en 18 ára



Fjöldi dómsmála á árinu 2014 og samanburður milli ára

Að neðan getur að líta mynd af heildarfjölda mála sem bárust héraðsdómstólunum á árunum 2000-2014. Á árinu 2014 fækkaði skráðum málum hjá héraðsdómstólunum úr 19.697 á árinu 2013 í 16.431 á árinu 2014.

Mynd 22. Þróun heildarmálfjölda héraðsdómstólanna



Dómsmál við héraðsdómstólana eru í grófum dráttum flokkuð í 30 málaflokka eða tegundir. Skráning í málaskrárkerfi héraðsdómstólanna tekur mið af þeirri skiptingu. Á meðfylgjandi töflu sést sundurliðun þeirra mála sem bárust héraðsdómstólunum eftir tegund þeirra á árinu 2014. Dómsmál eru afar mismundandi að umfangi og því segir fjöldi mála í einstökum málaflokkum ekki alla söguna um vægi málaflokksins fyrir starfsemi héraðsdómstólanna. Stærstu málaflokkarnir eru einkamál og sakamál. Innkomin mál skiptust þannig á árinu 2014 eftir málaflokkum og dómstólum eins og meðfylgjandi tafla sýnir. Í töflunni má einnig sjá samanburð við fjölda mála á árinu 2013 og hlutfallslega breytingu milli ára.

Tafla 4. Heildarfjöldi innkominna mála sundurliðað eftir dómstólum og tegundum mála árið 2014


										Samanburður milli ára		
	HDR	HDRN	HDVL	HDVF	HDNV	HDNE	HDA	HDS	Samtals	2013	Breyting %	Fjöldi
Aðfararbeiðnir	931	398	58	24	15	69	20	74	1589	2.819	-44%	-1230
Innsetningarbeiðnir	425	80	12	4	3	25	7	23	579	449	29%	130
Útburðarbeiðnir	143	152	13	7	3	26	6	21	371	492	-25%	-121
Bráðabirgðaforsjá og farbann	0	0	0	0	0	0	0	0	0	4	-100%	-4
Opinber skipti	70	37	5	1	0	22	1	11	147	152	-3%	-5
Einkamál	5.166	1.593	197	107	61	297	113	273	7.807	8.133	-4%	-326
Munnlega flutt	956	187	12	11	7	33	9	28	1.243	1.120	11%	123
Skriflega flutt	4.210	1.406	185	96	54	264	104	245	6.564	7.013	-6%	-449
Flýtimeðferðarmál	54	6	0	0	0	1	0	2	63	15	320%	48
Gjaldþrotaskipti	1.322	697	58	31	23	100	46	195	2.472	2.558	-3%	-86
Horfnir menn	0	0	0	0	1	0	0	0	1	2	-50%	-1
Greiðslustöðvunarbeiðnir	1	0	0	0	1	0	0	0	2	3	-33%	-1
Ágreiningsmál v/kyrrsetningar, lögbanns	3	3	0	0	0	0	1	1	8	10	-20%	-2
Lögræðismál	99	35	7	0	0	8	5	7	161	125	29%	36
Matsmál	126	41	2	2	2	8	4	8	193	251	-23%	-58
Nauðasamningsumleitanir	5	3	0	0	0	2	0	0	10	41	-76%	-31
Sjópróf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0		0
Ágreiningsmál v/dánarbússkipta o.fl.	24	13	0	0	0	2	0	4	43	49	-12%	-6
Rannsóknarúrskurðir	346	567	39	15	5	47	10	41	1.070	1.451	-26%	-381
Gæsluvarðhaldsúrskurðir	106	115	14	0	0	20	0	2	257	371	-31%	-114
Húsleitarúrskurðir	47	94	6	1	4	4	3	9	168	286	-41%	-118
Sakamál	1.088	677	120	67	35	245	50	315	2.597	3.704	-30%	-1107
Höfðuð með ákæru	799	433	82	54	26	215	38	205	1.852	2.341	-21%	-489
Sektarboðsmál	289	244	38	13	9	30	12	110	745	1.363	-45%	-618
Ágreiningsmál vegna þinglýsinga	2	4	0	0	0	1	0	2	9	8	13%	1
Barnaverndarmál	13	9	1	0	0	1	1	1	26	19	37%	7
Vitnamál	30	11	0	0	0	4	0	3	48	51	-6%	-3
Ágreiningsmál v/gjaldþrotaskipta	83	21	0	1	0	1	0	1	107	211	-49%	-104
Ágreiningsmál v/aðfarargerða	12	8	1	0	0	0	0	3	24	37	-35%	-13
Ágreiningsmál v/naudungarsölu	11	9	1	0	0	0	0	1	22	37	-41%	-15
Önnur mál	21	9	0	0	0	1	0	1	32	17	88%	15
Samtals mál	9.407	4.141	489	248	143	809	251	943	16.431	19.697	-17%	-3.266
Árið 2013:	10.265	5.605	586	269	198	919	315	1.540	19.697			
Breyting milli ára:	-8,4%	-26,1%	-16,6%	-7,8%	-27,8%	-12,0%	-20,3%	-38,8%	-16,6%			

Fjöldi mála eftir málaflokkum

Munnlega flutt einkamál


Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda munnlega fluttra einkamála á tímabilinu frá árinu 2000-2014. Munnlega fluttum einkamálum fjölgaði milli ára, en þau voru samtals 1.120 á árinu 2013 en 1.243 á árinu 2014.

Mynd 23. Þróun munnlega fluttra einkamála




Á meðfylgjandi mynd má sjá lyktir og málsmeðferðartíma í munnlega fluttum einkamálum. Lyktir munnlega fluttra einkamála geta verið mismunandi en flestum málanna lýkur með dómi. Hluta málanna er vísað frá dómi, sáttir takast með aðilum, eða málin eru felld niður.

Mynd 24. Lyktir og málsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála



Á meðfylgjandi mynd má sjá málsmeðferðartíma munnlega fluttra einkamála í samanburði við fjölda innsendra mála, afgreiddra mála og óafgreiddra munnlega fluttra einkamála hjá héraðsdómstólunum frá árinu 1999-2014. Meðalmálsmeðferðartími munnlega flutts einkamáls hefur lengst um 4 daga, var 340 dagar á árinu 2013 en er 344 dagar á árinu 2014. Milli ára hefur málafjöldinn aukist um 123 mál.

Mynd 25. Málsmeðferðartími og afgreiðsla munnlega fluttra einkamála



Tafla 5. Tegund munnlega fluttra einkamála


Tegundir eða eðli þeirra einkamála sem rekin eru fyrir dómstólunum eru margvísleg eins og sést í meðfylgjandi töflu. Á árinu 2014 voru flest munnlega flutt einkamál sem rekin voru fyrir héraðsdómstólunum skuldamál en þar á eftir koma skaðabótamál, riftunarmál þrotabúa, ógilding stjórnarathafnar, vinnulaunamál, forsjármál og barnfaðernismál.

Tegund	HDR	HDRN	HDVL	HDVF	HDNV	HDNE	HDA	HDS	Samtals
Óskráð	4	1	0	0	0	0	0	1	6
Barnaverndarmál	9	7	0	0	0	0	0	0	16
Barnsfaðernismál	17	11	0	1	0	0	0	1	30
Eignarréttarmál	4	6	0	1	0	2	0	1	14
Erfðamál	3	0	0	0	0	0	0	0	3
Fasteignakaup, gallar	6	12	0	0	0	1	0	1	20
Fasteignakaup, greiðsludráttur	8	1	0	0	0	1	0	0	10
Firmamál	1	0	0	0	0	0	0	0	1
Fjármögnunarsamningur	0	2	0	0	0	0	0	0	2
Forsjármál	33	20	0	0	0	7	0	0	60
Húsaleigumál	14	1	0	0	0	0	0	0	15
Höfundarréttarmál	2	0	0	0	0	0	0	0	2
Landamerkjarmál	0	0	1	0	0	1	1	0	3
Lausafjárkaup, gallar	2	2	0	0	0	1	0	0	5
Lausafjárkaup, greiðsludráttur	0	1	0	0	0	0	0	0	1
Mál um einkaleyfi	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mál um vörumerki	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Meiðyrðamál	6	4	0	1	0	0	0	0	11
Ógilding stjórnarathafnar	53	0	0	0	0	1	0	0	54
Ógildingarmál	18	2	0	0	0	2	0	2	24
Riftun og skuldamál	6	1	0	0	0	0	0	0	7
Riftunarmál þrotabúa	13	6	0	0	0	2	0	1	22
Sifjaréttarmál	12	5	0	0	1	0	0	1	19
Skaðabótamál	97	7	1	0	1	2	1	6	115
Skaðabótamál, eignatjón	8	1	0	0	0	0	0	0	9
Skaðabótamál, miski /örorka	54	0	0	0	0	2	0	0	56
Skattamál	15	2	0	0	0	0	0	0	17
Skuldabréfamál	2	6	0	0	0	0	0	0	8
Skuldamál	460	58	6	7	5	8	1	10	555
Tékkamál	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Vátryggingamál	18	0	0	0	0	0	0	0	18
Vefengingarmál	11	11	0	0	0	0	0	0	22
Verksamningur	7	1	1	0	0	0	0	0	9
Vinnulaunamál	31	15	0	1	0	2	2	0	51
Víxilmál	3	0	0	0	0	0	0	0	3
Önnur mál	39	4	2	0	0	1	4	4	54

Skriflega flutt einkamál


Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda skriflega fluttra einkamála hjá héraðsdómstólunum frá árinu 2000-2014. Oft er þessi tegund mála kölluð útvistarmál eða áritunarmál. Skriflega fluttum einkamálum fækkaði frá árinu 2013, en þau voru samtals 7.013 á árinu 2013 en 6.564 á árinu 2014.

Mynd 26. Þróun fjölda skriflega fluttra einkamála



Á meðfylgjandi mynd má sjá málsmeðferðartíma og lyktir skriflega fluttra einkamála hjá héraðsdómstólunum fyrir árið 2014. Meðalmálsmeðferðartími skriflega flutts einkamáls var 49 dagar á árinu 2013 en var 48 dagar á árinu 2014.


Mynd 27. Lyktir skriflega fluttra einkamála og málsmeðferðartími þeirra



Sakamál og sundurliðun ákærumála

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda innkominna ákærumála hjá héraðsdómstólunum frá árinu 2000-2014. Ákærumálum hefur fækkað frá árinu 2013. Ákærumálin voru samtals 1.852 árið 2014 en 2.341 á árinu 2013.

Mynd 28. Þróun fjölda innkominna ákærumála



Meðfylgjandi tafla sýnir sundurliðun sakamála eftir ákærandi hverju sinni á árinu 2013 samanborið við árið 2014 og hlutfallsbreytingu í fjölda mála milli áranna. Sakamálum, þar með talin sektarboðsmál, hefur fækkað frá árinu 2013. Þau voru 3.706 á árinu 2013 en 2.597 á árinu 2014.


Tafla 6. Fjöldi sakamála og sundurliðun ákærumála

Ákærandi	2013	2014	Breyting milli ára
Ríkissaksóknari	253	248	-2%
Sérstakur saksóknari	50	43	-14%
Lögreglustjóri	2.038	1.559	-24%
Heildarfjöldi ákærumála	2.341	1.850	-21%
Sakamál samtals ¹⁰	3.706	2.597	-30%

¹⁰ Þar með talin sektarboðsmál sem voru samtals 1.363 á árinu 2013 en samtals 745 á árinu 2014.


Á meðfylgjandi mynd má sjá málsmeðferðartíma ákærumála hjá héraðsdómstólunum í samanburði við fjölda innsendra ákærumála, afgreiddra ákærumála og óafgreiddra ákærumála hjá héraðsdómstólunum fyrir árin 2000-2014. Meðalmálsmeðferðartími ákærumáls hefur lengst um sautján daga, var 70 dagar á árinu 2013 en 87 dagar á árinu 2014. Á sama tíma hefur málum fækkað um 489.

Mynd 29. Málsmeðferðartími og afgreiðsla ákærumála




Á meðfylgjandi mynd má sjá lyktir ákærumála sem koma frá lögreglunni en flestum málanna lýkur með dómi eða sektarboði.

Mynd 30. Lyktir ákærumála frá lögreglu og málsmeðferðartími



Á meðfylgjandi mynd sjást lyktir ákærumála frá ríkissaksóknara. Flestum málanna lýkur með dómi.


Mynd 31. Lyktir ákærumála frá ríkissaksóknara og málsmeðferðartími



Ágreiningsmál vegna gjaldþrotaskipta

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda ágreiningsmála sem rísa við gjaldþrotaskipti á tímabilinu frá árinu 2000-2014. Ágreiningsmálum fækkaði frá árinu 2013. Þá voru þau samtals 211, en samtals 107 á árinu 2014.


Mynd 32. Þróun fjölda ágreiningsmála vegna gjaldþrotaskipta



Gjaldþrotaúrskurðir

Meðfylgjandi tafla sýnir sundurliðun uppkveðinna gjaldþrotaúrskurða hjá héraðsdómstólunum sundurliðað eftir kyni og lögaðila á tímabilinu 2002 til ársins 2014. Fjöldi uppkveðinna gjaldþrotaúrskurða einstaklinga hefur aukist frá því að vera samtals 369 á árinu 2013 í 540 á árinu 2014. Gjaldþrotaúrskurðum lögaðila hefur fækkað frá árinu 2013, þá voru gjaldþrotaúrskurðir lögaðila 930 en 801 á árinu 2014.


Mynd 33. Þróun fjölda gjaldþrotaúrskurða



Gjaldþrotaskiptabeiðnir

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda gjaldþrotabeiðna hjá héraðsdómstólunum frá árinu 2000-2014. Beiðnunum fækkaði frá árinu 2013, úr 2.558 beiðnum í 2.472 beiðnir á árinu 2014.


Mynd 34. Þróun fjölda gjaldþrotaskiptabeiðna



Rannsóknarúrskurðir

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda uppkveðinna úrskurða hjá héraðsdómstólunum á grundvelli rannsóknar sakamáls á tímabilinu 2001 til ársins 2014. Uppkveðnir rannsóknarúrskurðir voru samtals 1.070 á árinu 2014 en 1.451 á árinu 2013.

Mynd 35. Þróun fjölda rannsóknarúrskurða





DÓMSTÓLARÁÐ

Dómhúsinu við Lækjartorg · 101 Reykjavík · sími: 551 2900 · domstolarad@domstolar.is · www.domstolar.is · kennitala: 410798-3449